

má taka þann kostnað lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um það við lögtakið að borga kostnaðinn, greiðist hann úr bæjarsjóði.

56
15. júní

76. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykkt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

77. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglu-mál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

78. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún frá 2. júní 1915.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Þuglýsing

57
15. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveit-arfjölög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir land jarðanna Hvanneyrar og Hafnar í Siglufirði.

2. gr.

Bæjarfógeti er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kýs til 2ja ára.

57

15. júní

3. gr.

Fundi skal halda í nefndinni að minsta kosti þrisvar á ári, í mars, júní og október. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin öll skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktnin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða á einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþyktnin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að fjeð sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrífnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda.

Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um fráræslu.

7. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, síst þar sem kjallarar eru undir húsum; öllu því skolpi, sem ekki er borið í sjó, skal veita burtu frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skolpræsi skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollur eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi óðaun úr þeim.

8. gr.

Ef ræsi er gert fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, á þann hátt, er heilbrigðisnefnd telur hentugast.

III. Um slátrun og kjötsölu.

57

15. júní

9. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kaupstaðnum regluleg slátrunarhús, skal heilbrigðisnefndin hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fara fram á hreinlegum stað.

Slátrarar skulu vera í breinum fötum með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar. Menn, sem hafa útbrot á höndum eða ganga með einhvern næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ílát og brennast eða grafast í jörðu niður. Kjöt af sjálfdaudum skepnum eða veikum má ekki selja til manna.

IV. Um peningshús hanga og forir.

10. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Ef sjerstakar ástæður eru fyrir bendi, getur þó heilbrigðisnefndin veitt leyfi til þess að skepnur sjeu hafðar í kjallara.

11. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera for-, hangstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en 15 álnir, fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa hang nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimað að forir sjeu gerðar úr höggnu grjóti og steinlími eða steinsteypu, svo að þær sjeu vatnsheldar, bæði botn og veggir.

12. gr.

Ef peningshús, hangstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrífni, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga undir úrskurð bæjarstjórnar, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt, sem verða má.

V. Um salerni.

13. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteyppt og hærri en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

57 Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef útigluggi 15. júní á hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í hana.

14. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurflátin skal tæma áður en þau fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða hvar láta megi saurinn úr salernunum.

15. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gerð eða mikill óþrífnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 13. gr.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

16. gr.

Hver húseigandi á kaupstaðarlóðinni skal láta útbúa, innan 1. maí n. k., sorpkassa með loki. Sorpkassar skulu vera vatnsheldir og skal í þá safna öllu sorpi og ösku, er til fellur frá húsinu. Alt sorp skal svo flutt í sjó norður fyrir Siglufjarðareyri nema heilbrigðisnefnd kveði öðru vísi á. Húseigandi bær ábyrgð á að sorpi sje safnað í sorpkassa og flutt á lóð samkvæmt framangreindum reglum. Nú er misbrestur á, að ákvæði þessu sje hlýtt og getur heilbrigðisnefnd þá látið útbúa sorpkassa, látið safna í þá, og flutt sorpið burt á kostnað húseiganda.

Hver lóðareigandi skal láta hreinsa af lóð sinni alt rusl og sorp, strax og snjó leysir af lóðinni. Ef út af bregður getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað lóðareigenda.

Öllum ofangreindum kröfum fylgir lögtaksrjettur.

17. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn svo út taki, fyrir utan þá línu, sem hafnarnefnd ákveður, ef því er ekki safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Útgerðarmenn og skipstjórar bera ábyrgð á því að þessu sje hlýtt.

18. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna svo að fylu leggur af, eða daunilt renslí fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

VII. Um iðnað, sem óþrífnaður fylgir eða óhollusta.

19. gr.

Í kaupstaðnum má enginn reka nokkurn þann iðnað sem óhollusta fylgir eða óþrífnaður, t. d. lýsisbræðslu og sýtun, nema heilbrigðisnefndin veiti leyfi til.

Skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, **57**
að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan. 15. júní

VIII. Um bókunarstofur.

20. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hjer segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott. Loft og veggir skulu kalkaðir eða steinlímdir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

21. gr.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum. Enginn má sofa í stofum, er hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, er ávalt sjeu hreinar, þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, og ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótum. Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæring hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

IX. Um matvæli.

22. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því að ekki sje höfð á boðstólum matvara sem skaðleg er fyrir heilsu manna.

Nefndinni er heimilt að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemd sje og skaðleg fyrir heilsu manna, og rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsóku læknis eða annara er vit hafa á, að einhver matvara er skemd og skaðleg til manneldis, skal lóga vörunni eða gera hana óskaðlega fyrir heilsu manna á einhvern annan hátt, á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæfur vegna óþrífnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt er við að salan greiði sjúkdóminum götu.

X. Um íbúðarhús.

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi og trjególf í öllum íverustofum

57

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstuð sje herbergi í íbúðar-
15. júní húsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin á ítur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð bæjarstjórnar, er leita skal álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir og þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um samkomuhús og skóla.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í bænum og sjá um að þau sjeu ræstuð hvenær sem hún álitur þess þörf, og af þeim, sem hún telur til þess færa, og sjá um að í slíkum húsum sjeu jafnan nægilega mörg hrákagögn. Vilji eigendur eða notendur ekki setta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólafundur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

28. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 100 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

29. gr.

Ef heilbrigðisnefndin verður, í einhverjum skóla, vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skulu strax gerðar ráðstafanir til þess, að barnið eða kennarinn komi ekki í skólann þar til sótt-næmishættan er að dómi læknis um garð gengin, sjertaklega ef um berklaveiki er að ræða.

Hold sveik börn mega ekki ganga á skóla og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakenslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

57

15. júní

30. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við sóttvarnarnefnd gengst sjerstaklega fyrir því að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

31. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum. —

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

32. gr.

Ef meun brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefur verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög reglumál. —

34. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920 og er þá úr gildi fallin samþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún frá 22. júní 1908.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.